ÞJÓÐVILJINN
Laugardagur 23. september 1978

Aðalsími Þjóðviljans er 81333 kl. 9-21 mánudaga til föstudaga, kl. 9-12 á laugardögum og sunnudögum. Utan þessa tíma er hægt að ná í blaðamenn og aðra starfsmenn blaðsins í þessum símum: Ritstjórn 81382, 81527, 81257 og 81285, útbreiðsla 81482 og Blaðaprent 81348.

Radíó BÚÐIN
Skipholti 19, R.
sími 29800, (5 línur)
Verslið í sérverslun með litasjónvörp og hljómtæki

Salvador Dalí á Kjarvalsstöðum

Reykvíkingum mun á næstunni gefast tækifæri á að kynna sér grafíkmyndir spænska súrrealistans Salvadors Dalis, en þær verða sýndar á Kjarvalsstöðum, 18.-31. október.

Það er Myndkynning sem fyrir sýningunni stendur, og sagði Konráð Axelsson í samtali við Þjóðviljann í gær, að sýningin væri þegar komin til landsins en hingað kemur hún í heilu lagi frá Sviþjóð. „Þetta eru alls um 70 original grafík myndir af ýmsu tagi", sagði Konráð. „Þær eru unnar á árabilinu 1960-1974, en ein mynd er þó frá árinu 1931. Þetta er fyrst og fremst kynning á verkum þessa heimsfræga snillings, sem nú er orðinn 74 ára gamall, en ég veit ekki til þess að nema 1 mynd eftir hann hafi áður verið sýnd hér á landi. Hins vegar er þetta jafnframt sölusýning ef menn treysta sér til að kaupa verkin".

Myndkynning hefur áður staðið fyrir 2 blönduðum grafík sýningum á Kjarvalsstöðum, en auk sýningar Dalís hefur félagið tryggt sér tvær grafík sýningar til viðbótar eftir þá Chagal og Miro.

—Al.

Vísitölunefndin skipuð

Í samráði við ákvörðun ríkisstjórnarinnar hefur verið ákveðið að skipa 10-manna nefnd til endurskoðunar vísitölukerfisins en að auki munu sitja í henni ráðherrarnir Svavar Gestsson, Tómas Árnason og Kjartan Jóhannsson. Formaður nefndarinnar verður skipaður af ríkisvaldinu og ennfremur situr í henni einn aðili frá samninganefnd ríkisins.

ASÍ tilnefnir 2 menn og sömuleiðis Vinnuveitendasambandið en ýmis önnur hagsmunasambönd skipa 1 mann hvert. Þá er blaðinu kunnugt um að innan sumra hagsmunafélaga vinnu-

Framhald á 18. síðu



Gömlu skipin týna tölunni:

Harðbakur EA 3 er einn af síðustu síðutogurunum sem enn eru á landinu. Á að varðveita hann til minja um stórbrotinn útgerðarþátt í sögu Íslendinga?

Á að varðveita einn síðutogara?

Aflaskipinu Snæfelli sökkt á rúmsjó

Í fyrradag var aflaskipinu Snæfelli EA 740 sökkt á Grímseyjarsundi en það hafði legið utan á einum af síðustu síðutogurunum, Harðbaki EA 3, í Akureyrarhöfn í nokkur ár. Ætlunin er að selja Harðbak í brotajárn en við það hafa vaknað spurningar hvort með einhverju móti megi varðveita einn síðutogara til minja um horfinn útgerðarþátt sem hefur fært Íslendngum meira gull í greipar en nokkurt atvinnutæki fyrr eða síðar.

Jón E. Aspar skrifstofustjóri Útgerðarfélags Akureyringa sagði í samtali við Þjóðviljann í gær: — Harðbakur hefði verið með síðari nýsköpunartogurunum, sem komu til landsins, en hann kom hingað á jólunum 1951 og var gerður út samfleytt til áramóta 1975/76. Hann er 754 rúmlestir og var happaskip alla tíð. Skipstjórar voru Sæmundur Auðunsson, Vilhelm Þorsteinsson, Sverrir Valdimarsson og Áki Stefánsson. Þegar skipinu var lagt var það í góðu vinnsluástandi en síðan hafa verið unnin mikil skemmdarverk á því og allt brotið og bramlað um borð þó að soðið hafi verið fyrir öll göt á því. Harðbakur bíður nú þess að vera seldur í brotajárn en verð á því er ekki hagstætt um þessar mundir.

Jón E. Aspar sagði að það kostaði tugmiljónir ef ætti að gera skipið upp og væri það ofviða öllum venjulegum félögum.

Þess skal getið að einn gamall síðutogari mun vera í Reykjavíkurhöfn enn. Það er Júpíter. Búið er að selja flesta aðra úr landi. Af gömlu togurunum sem gerðir voru út fyrir stríð, en þeir voru yfirleitt miklu minni en nýsköpunartogararnir, mun a.m.k. eitt skipsflak vera hér við land. Það er Guðmundur Júní sem liggur í Neðstakaupstað á Ísafirði. Hann hét áður Júpíter og var smíðaður 1929.

Oft hefur verið um það rætt að vandi væri að því að ekki væri til ein skúta til minja um skútuöldina á Íslandi en nú ætlar að fara á sömu leið með síðutogaraöldina.

Snæfell, sem var sökkt í fyrradag var síldarbátur sem síðaður var í Skipasmíðastöð KEA árið 1943 og hafði verið áhugi á að endurbyggja það og þeir sem vildu gangast fyrir því var boðið skipið til eignar. Ekki varð úr framkvæmdum og sökk skipið fyrir nokkru í höfninni, rúið öllum tækjum. Var þá gripið til þess ráðs að draga það út á rúmsjó og sökkva því þar eins og fyrr sagði.

—GFr.

Framtíð Tónabæjar óráðin

en Alþýðuleikhúsið fékk inni í kjallaranum

Enn er allt á huldu um framtíð Tónabæjar, en þriggja manna nefnd á vegum Æskulýðsráðs vinnur nú að tillögum um nýtingu hússins, sem árangurslaust var auglýst til sölu s.l. vor.

Engin starfsemi á vegum Æskulýðsráðs hefur farið fram í húsinu síðan í fyrravetur og framkvæmdastjóri hússins, Pétur Maack sem gegnt hefur ýmsum öðrum störfum fyrir Æskulýðsráð síðan, hefur nú fengið lausn frá störfum frá 1. október.

Þjóðviljinn ræddi í gær við Margréti S. Björnsdóttur sem á sæti í Tónabæjarnefndinni ásamt Bessí Jóhannsdóttur og Kristni A. Friðfinnssyni. Hún sagði að ávallt bærust nokkrar umsóknir um afnot af húsinu til ýmissar starfsemi, bæði á vegum félaga, fyrirtækja og klúbba, en enn sem komið væri hefði stóra salnum ekki verið ráðstafað. Hins vegar hefur Alþýðuleikhúsið fengið inni í kjallara Tónabæjar, þar sem hafnar munu á næstunni æfingar á nýju leikriti. Margrét sagði að lokum að Tónabæjarnefndin myndi skila tillögum í næsta mánuði til Æskulýðsráðs en ekki vildi hún tjá sig um hugmyndir nefndarmanna að svo stöddu.

—Al.

Körfubolti upp brekku!

Misheppnaður leikvöllur í Heiðargerði

Stundum virðist það sjónarmið fullorðins fólks ríkja að sletta megi einhverju í blessuð börnin meðan það sjálft gerir ýtrustu kröfur til lífsins.

Undirritaður blaðamaður hefur nokkra daga í röð gengið fram hjá einum af leikvöllum borgarinnar við Heiðargerði og veitt því athygli að þar sjást yfirleitt ekki börn að leik enda er völlurinn eins óaðlaðandi og hugsast getur. Mestur hluti hans er malarflæmi en efst er smá grasblettur sem sennilega er oft í skugga að hluta. Leiktæki eru af skornum skammti og heldur kaldranaleg að sjá. Efst í malarflæminu er körfuboltahringur á rammskakkri stöng og er greinilega ætlast til að börn og unglingar leiki körfubolta upp brekku að hringnum, en undirritaður hefur hingað til álitið að körfuboltaleikur þyrfti láréttan völl. Hér er því sannarlega verk að vinna fyrir nýkjörna leikvallanefnd Reykjavíkur, að gjörbreyta þessum velli og færa í betra horf.



Myndin er tekin á hinum óhrjálega leikvelli um miðjan dag en þar voru ekki nokkur börn að leik (Ljósm.: Leifur).

—GFr.

Ákvörðun fiskverðs fyrir 1. okt.

Fyrsti fundur yfirnefndar í fyrradag

Fiskverð á að hækka nú 1. október og hefur málinu verið vísað frá verðlagsráði til yfirnefndar um almennt fiskverð og var fyrsti fundur hennar í fyrradag. Ólafur Davíðsson oddamaður nefndarinnar sagði í samtali við Þjóðviljann í gær að verið væri að safna gögnum og meta rekstraráætlanir og færa þær fram til dagsins í dag og væri ekki mikið um málið að segja að svo stöddu. Ekki kvað hann liggja fyrir neinar samanburðartölur hjá Þjóðhagsstofnun um tekjur sjómanna og landverkafólks á þessu ári.

Í yfirnefnd sitja auk Ólafs þeir Árni Benediktsson og Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson af hálfu kaupenda og Ágúst Einarsson og Tryggvi Helgason af hálfu seljenda.

Viðmiðun við ákvörðun fiskverðs eru kaupgjaldsbreytingar, markaðsverð afurða sem framleiddar eru úr fiski, afkoma fiskvinnslunnar, afkoma veiðanna og tekjumöguleikar sjómanna.

—GFr.